

Þrjár kvikmyndahátíðir

Kvikmyndaunendur eru í sjöunda himnasal um þessar mundir, því úrval danskra, svissneskra og franskra kvikmynda hefur streymt til landsins undanfarið. Vegna mikillar aðsóknar hefur danska kvikmyndavikan í Háskólabíói verið framlengd, og auka þess má geta þess að Laugarásbíó sýnir einnig um þessar myndir nýja, danska verðlaunamynd, **Dansað við Regitze**.

Svissneska kvikmyndavikan er á vegum Kvikmyndaklúbbs Íslands í Regnboganum og þar renna sex fullræmur (kvikmyndir í fullri

lengd) milli ljóss og linsu, auk þess sem jafnmargar stuttræmur eru sýndar í sjónbæti á undan.

Á laugardaginn hefjast svo í Regnboganum franskir kvikmyndadagar 1991, Journees du Cinema Francais 1991, á vegum Alliance Francaise og Unifrance Films International. Myndirnar eru fjórar, þrjár frá 1990 og ein frá 1989. Auk þess sýnir svo Regnboginn þrjár franskar myndir sem bíóið hefur sýningarrétt á, „Litla þjófinn“ og „Skúrka“, sem þar hafa notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda, en skrautblómið er þó sú umtalaða



Gerard Depardieu og Anne Brochet í „Cyrano de Bergerac“.

„Cyrano de Bergerac“ um nefstóra og uppstökka greifann sem Gerard Depardieu leikur.

Vattstungna hefðin

Nú stendur yfir á Kjarvalstöðum sýningin „Contemporary Quilts“, sem farið hefur um Evrópulönd og Sovétríkin, á bandarískum, vattstungnum teppum, en gerð þeirra er sterk og lifandi hefð í Bandaríkjunum.

Hefð vattstungnu teppanna (quilts) er rakin til landnematímans og teppagerðin er ríkur þáttur í alþýðumenningu, ekki síst listhefð kvenna. Á sjöunda áratugnum átti sér stað mikil endurvakning í bandarískri teppagerð. Þótt enn sé stuðst við sögulegar fyrir-

myndir hafa teppin einnig tekið á sig ný form og hlutverk og nýtt forsendur listiðnarinnar og sköpunargleði myndlistarinnar. Teppin á sýningunni eru flest frá síðasta áratug og endurspeglar nýsköpunina. Það eru Menningarmálanefnd Reykjavíkur og Menningarstofnun Bandaríkjanna sem standa fyrir sýningunni í samvinnu við Háskólann í Boston. Sýningin er opin daglega kl. 11-18 til 21. apríl.

FLÓAMARKAÐUR ÞJÓÐVILJANS

Ýmislegt

Til sölu v/búferlaflutninga
Technics segulband M 240 X á kr. 15.000.-, Marantz magnari PM 510 á kr. 10.000.-, 2 stk. JBL hátalarar L 40 á kr. 20.000.- og þriggja ára BO sjónvarp LX 2500 á kr. 95.000.- (kostar nýtt 170.000.-kr.). Einnig þrjár rúmdýnur á 1.000.- kr. stykkið. Uppl. í síma 32228.

Óska eftir sófa
sem hægt er að nýta sem rúm. Einnig vantar mig lítinn ísskáp, ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 23649 á kvöldin og 27022 á daginn. Nanna.

Skóli óskar eftir
notuðum árabát. Uppl. í síma 98-74884.

Gamalt og gott pönk
Vantar eldri plötur með Tappa tíkarrass, Kuklinu ofl. Sími 672463, Ingi, e. kl. 18.

Garðsláttuvél ofl
Til sölu garðsláttuvél og ýmislegt fleira úr gömlu innbúi. Sími 689651, Anna.

Hjálp
Mig vantar sárlega bolla inn í settið mitt sem er frá Bing og Gröndal og heitir „Saxneska blómið“. Er heima í síma 671190 e. kl. 18.

Leðurfrakki
Gamall lítið notaður kvenmanns leðurfrakki til sölu. Uppl. í síma 17087.

Sumarbústaðaeigendur
Til sölu gaseldavél og 12 volta vindrafstöð fyrir sumarbústað ásamt rafgeymi, ljósum og raf-lagnaefni. Allir hlutir nýyfírnir. Uppl. í síma 42906 eftir kl. 20.00.

Húsnæði

Húsnæði
Óska eftir stúlku sem meðleigjanda í þriggja herb. íbúð í Reykjavík sem fyrst. Þarf að vera reglusöm. Uppl. í síma 98-21159.

Íbúð óskast
Ungt par með barn óska eftir að taka á leigu 3 herb. íbúð frá 1. sept. í Reykjavík eða Kópavogi. Góð fyrirframgreiðsla og reglu-semi heitið. Sími 96-23706

Herbergi
Herbergi óskast leigt á rólegum stað í miðbænum til eins mánaðar. Aðgangur að síma æskilegur. Uppl. gefnar í síma 671353 e. kl. 22.

Íbúðaskipti Rvk-Uppsala
Íslensk fjölskylda búsett í Uppsölum í Svíþjóð óskar eftir að hafa íbúðaskipti við fjölskyldu í Reykjavík eða nágrenni frá miðjum maí til júnílokka eða hluta þess tíma. Bílaskipti einnig æskileg. Gerður Steinhórsdóttir, Fróðingsgatan 10, 25421 Uppsala, sími 9046-18-238127.

Íbúð óskast
Þriggja til fjögurra herbergja íbúð óskast til leigu. Staðsetning helst í Vesturbergi eða Hólahverfi. Uppl. í síma 72490.

Íbúð
Óska eftir að taka á leigu litla íbúð. Uppl. í síma 678689.

Íbúð óskast
Óska eftir tveggja herbergja íbúð til leigu frá og með 1. júní. Uppl. í síma 16465. Inga.

Íbúð í Vesturbæ
Óska eftir þriggja herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur frá 1. ágúst n.k. Skilvísium greiðslum heitið. Uppl. í síma 40591.

Bílskúr óskast
Óska eftir að taka á leigu bílskúr í tvær vikur. Helst í vesturbæ. Sími 17363 e. kl. 19.

Íbúð óskast
Bráðvantar einstaklingsíbúð til leigu frá 1. maí. Má þarfnast lagfæringar. Örugnum greiðslum heitið. Sími 679317.

Til leigu
Íbúð til leigu í miðbæ Lundúna í júlí og ágúst. Um er að ræða 3 herb. íbúð á horninu hjá Kings Cross. Leigist með húsgögnum og öllum búnaði. Leiga 725 pund á mánuði. Uppl. í síma 21428 á kvöldin.

Húsgögn

Rúmbekkur
Unglingabekkur með rúmfatageymslu til sölu. Selst ódýrt. Sími 12747.

Hjónarúm
Óska eftir antik-hjónarúmi með eða án dýnu. Sími 674506.

Vegna flutnings
Til sölu bambusrúm, br. 90 sm., hvítt hjónarúm, br. 120 sm., 2 bambusborð með gleri, basthengiróla, útskorinn ruggustóll, barnarúm (stál og tekk) og ferðanuddbekkur. Sími 72529 e. kl. 17.

Heimilis- og raftæki

Eldavél
Þriggja hellu Grepa eldavél til sölu fyrir lítið fé. Ein hella frekar hæg, annars í góðu lagi. Sími 35899.

Vantar fyrir tölvu
Vantar diskadrif og tengi fyrir MSX tölvu. Sími 34417.

Lítill ísskápur
Óska eftir litlum ísskáp gefins eða mjög ódýrum. Sími 36204.

Commodor 64
Til sölu Commodor 64 leikjatölva. Innifalið skjár, lyklaborð, segulband, fjarstýringar og 40 leikir. Verð kr. 20.000. Uppl. gefur Jökull í síma 14304.

Hjól

Reiðhjól til sölu
Til sölu 16" BMX reiðhjól á breið-

um dekkjum. Verð kr. 6000. Uppl. í síma 675550 á kvöldin.

Dýrahald

Töpuð læða
Grá og svartbröndótt læða tapaðist í Hlíðunum. Finnandi vinsamlegast hringi í síma 24456.

Kettlingur
Kassavanur, 12 vikna kettlingur fæst gefins. Sími 22613.

Bílar og varahlutir

Skoda
Til sölu Skoda 120 árgerð 1977. Ekinn aðeins 40 þús. km. Upplýsingar í síma 83018, laugardag og sunnudag.

Citroen GSA
Til sölu er fólksbíll, Citroen GSA, C-MATIC, árgerð 1982, ekinn 90.000 km. Nýskoðaður og vandadur bíll. Verð aðeins kr. 150.000 Sími 28412 e. kl. 18.

Þjónusta

Garðeigendur
Nú er rétti tíminn til að klippa tré og runna. Vönduð vinna. Guðlaugur Þór Ásgeirsson, sími 28006.

Málningarþjónusta
Við erum tveir málaranemar og tökum að okkur ahlíða málingarvinnu. Uppl. í síma 75543.

Viðgerðir
Tek að mér smáviðgerðir á húsnunum. Hef rennibekk. Uppl. í síma 32941.

Garðeigendur
Bjóðum húsdýraáburð, trjáklippingar, hellulagnir, garðúðun og fleira. Uppl. í símunum 13322 (Sigurjón) og 12203 (Sverrir)

Atvinna óskast

Atvinna óskast
Við erum 2 hressar og duglegar 17 ára stelpur sem bráðvantar sumarvinnu. Kvöld og helgarvinna kemur einnig til greina. Getum hafð störf í maí. Sími 611786.

Sumarvinna óskast
Tvær norskar stelpur, 17 ára, óska eftir vinnu í 4-5 vikur frá júnílokum. Til dæmis í landbúnaði, garðyrkju, barnagæslu eða heilsugæslu, en allt kemur til greina. Svarið gjarna á íslensku. Mona Langerak og Sunniva Landmark N 4684 Bygland, Noregur.

Flokkspólitík og fagrar listir

Alþýðubandalagið í Norðurlandskjördæmi eystra heldur stórfund í Alþýðuhúsinu á Akureyri í kvöld kl. 20.30 til 22.

Sjö efstu menn framboðslistans flytja ávörp, lesa upp, syngja og spila.

Ungir hljóðfærarleikarar flytja tónlist af ýmsu tagi.

Fundarstjóri: Sigríður Stefánsdóttir bæjarfulltrúi.



Steingrímur



Stefanía



Sigríður

Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Ólafsson
bakameistari
Dalbraut 21, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni, föstudaginn 19. apríl kl. 13.30.

Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

Kristín Einarsdóttir,

Anna Gísladóttir,
Einar Ó. Gíslason,
Erlingur Gíslason,

Friðgerður Samúelsdóttir,
Brynja Benediktsdóttir,

barnabörn og barnabarnabörn.